

KPMG ehf.

Ársreikningur 2025

1. október 2024 til 30. september 2025

KPMG ehf.
Kt. 590975-0449
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

KPMG ehf. er aðili að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. KPMG er alþjóðlegt net fyrirtækja sem veita faglega þjónustu á sviði endurskoðunar, skatta og ráðgjafar.

Reikningsár félagsins er frá 1. október 2024 til 30. september 2025. Á rekstrarárinu voru 206 ársverk og í lok rekstrarárs voru starfsmenn 219, 107 konur og 112 karlar.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2025 er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning félagsins en tekur einnig til afkomu dótturfélaga, sem eru tvö í árslok. Ekki er gerður samstæðuársreikningur, til samræmis við 3. mgr. 68. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, þar sem áhrif dótturfélaga eru óveruleg á rekstur og efnahag félagsins.

Rekstur ársins 2025 og framtíðarhorfur

Tekjur ársins námu 7.594 millj. kr. (2024: 6.568 millj. kr.). Hagnaður ársins nam 812 millj. kr. (2024: 566 millj. kr.). Eignir námu 2.824 millj. kr. (2024: 2.746 millj. kr.) og bókfært eigið fé nam 984 millj. kr. í lok september 2025 (2024: 939 millj. kr.). Eiginfjárlutfall var 35% í lok september 2025, samanborið við 34% árið áður. Gert er ráð fyrir að rekstur ársins 2026 verði sambærilegur við árið á undan.

Rekstur félagsins gekk vel á rekstrarárinu og var í samræmi við áætlanir stjórnenda. Vöxtur var í tekjum á öllum sviðum félagsins og er áfram umtalsverð eftirspurn á markaði eftir þjónustu félagsins. Meginstarfsemi félagsins felst í þjónustu á sviði endurskoðunar, annarrar staðfestingarvinnu, reikningsskila og ráðgjafar. Annar rekstrarkostnaður nam 1.262 millj. kr. á rekstrarárinu og hækkar um 31%. Meginskýring hækkunar er kostnaður vegna uppskiptingar félagsins á árinu 2024 í KPMG ehf. og KPMG Bókað ehf. Í kjölfar skiptingarinnar hefur fallið til aukinn kostnaður á KPMG ehf.

Megin óvissa í starfsemi félagsins liggur í almennum efnahagshorfum, launapróun á Íslandi og innheimtu viðskiptakrafna. Útlánaáhætta félagsins tengist viðskiptakröfum en mat á niðurfærslupörf þeirra er birt í skýringu 17. Engar vaxtaberandi skuldir, við aðra en hluthafa, eru til staðar hjá félaginu 30. september 2025. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru óveruleg og því er markaðs- og gengisáhætta hjá félaginu óveruleg.

Hluthafar

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 29,6 millj. kr., þar af á félagið eigin bréf að fjárhæð 1,8 millj. kr. Hluthafar voru 37 í lok reikningsárs eins og árið áður. Viðskipti með eigin hlutabréf eru í samræmi við hluthafasamkomulag milli aðila, keypt voru eigin bréf fyrir 2,8 millj. kr. að nafnvirði á árinu og seld bréf fyrir 1,0 millj. kr. að nafnvirði, vísað í skýringu 18. Vísað er í skýringu 24 um upplýsingar um hluthafa félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að arður að fjárhæð 705 millj. kr. verði greiddur til hluthafa á árinu 2026 vegna ársins 2025, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárraikningum.

Sjálfbærni og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

KPMG leggur áherslu á samfélagsábyrgð og vinnur félagið eftir sjálfbærnistefnu í þeim málum. Félagið gefur árlega út sjálfbærnisýrslu samhliða ársskýrslu félagsins þar sem dregnar eru fram tölulegar upplýsingar um mælikvarða og markmið félagsins eftir því sem við á. Stefna KPMG tekur mið af öllum þáttum sjálfbærni út frá mikilvægisgreiningu en meginverkefnin eru tengd fólki og gæðamálum, ábyrgum viðskiptaháttum, umhverfismálum, vinnuvernd, öryggismálum og samfélagslegri ábyrgð.

Stjórnarhættir

KPMG leggur sig fram um að viðhalda góðum og viðurkenndum stjórnarháttum. Skipulag félagsins styður við samræmda gæðaðþjónustu og fylgni við sameiginleg gildi. KPMG rekur öflugt og samræmt gæðastjórnunarkerfi í því skyni að unnið sé í samræmi við siðferðiskröfur, heilindi og óhæði.

Í stjórn KPMG ehf. eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið skilyrði laga um einkahlutafélög um kynjahlutföll stjórnar félagsins. Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð tveimur konum og fjórum körlum.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra frh.:

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er það álit þeirra að ársreikningur félagsins sé í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. september 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn KPMG ehf. og framkvæmdastjóri samþykkja hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. nóvember 2025

Í stjórn félagsins:

Rafræn undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins er á forsiðu ársreiknings.

Magnús G Erlendsson, formaður

Hjördís Ýr Ólafsdóttir

Jónas Rafn Tómasson

Sigríður Soffía Sigurðardóttir

Sigurjón Örn Arnarson

Framkvæmdastjóri:

Hlynur Sigurðsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa KPMG ehf.

Skýrsla vegna endurskoðunar ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning KPMG ehf. ("félagið") fyrir reikningsárið 1. október 2024 til 30. september 2025 að undanskilinni skýrslu stjórnar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins reikningsárið 1. október 2024 til 30. september 2025, efnahag 30. september 2025 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð KPMG ehf. í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegrar skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi KPMG ehf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla hæfilegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegrar skekkju, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Hæfileg vissu er mikil vissu, en þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna sviksemi eða mistaka og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri efahyggju í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Skýrsla vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 19. nóvember 2025

Endurskoðun og reikningshald ehf.

Ágústa Katrín Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Gísli Jóhannsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2025

fyrir tímabilið 1. október 2024 til 30. september 2025

	Skýr.	1.10.2024 - 30.9.2025	1.10.2023 - 30.9.2024
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta	2	7.238.134	6.282.927
Aðrar tekjur		355.772	284.642
		<u>7.593.906</u>	<u>6.567.569</u>
Rekstrargjöld			
Aðkeypt þjónusta til endursölu		977.202	723.175
Laun og starfsmannatengdur kostnaður	9	4.251.366	3.965.879
Annar rekstrarkostnaður		1.261.997	962.457
Afskriftir	13	130.964	81.576
		<u>6.621.531</u>	<u>5.733.087</u>
Rekstrarhagnaður		972.376	834.482
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		78.554	49.214
Fjármagnsgjöld		(29.110)	(31.131)
	10	<u>49.444</u>	<u>18.083</u>
Áhrif dótturfélaga	14	(5.616)	17.970
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.016.203	870.535
Tekjuskattur	16	(203.952)	(304.635)
Hagnaður ársins	18	<u><u>812.253</u></u>	<u><u>565.900</u></u>

Efnahagsreikningur 30. september 2025

	Skýr.	30.9.2025	30.9.2024
Eignir			
Viðskiptavild	4,11	75.623	125.436
Aðrar óefnislegar eignir	4,11	4.173	13.230
Rekstrarfjármunir	5,12	253.561	310.026
Eignarhlutir í félögum	14	65.315	70.431
Skuldabréfaeign	15	27.668	51.604
Fastafjármunir		426.340	570.727
Viðskiptakröfur	7,17	1.280.838	1.507.676
Verk í vinnslu	2	196.890	255.427
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar	15	7.570	12.536
Aðrar skammtímakröfur		69.727	56.613
Handbært fé	8	842.815	343.035
Veltufjármunir		2.397.839	2.175.287
Eignir samtals		2.824.179	2.746.014
Eigið fé			
Hlutfé		27.825	26.820
Yfirverðsreikningur		0	70.194
Lögbundinn varasjóður		6.956	6.705
Bundinn hlutdeildarreikningur		15.325	20.941
Óráðstafað eigið fé		933.978	814.679
Eigið fé samtals	18	984.084	939.339
Skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	6,16	132.879	129.901
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		220.423	329.139
Skuldir við tengd félög		585	618
Skattar ársins	16	200.974	195.185
Vaxtaberandi skuldir við hluthafa		150.024	0
Aðrar skammtímaskuldir	19	1.135.210	1.151.831
Skammtímaskuldir		1.707.216	1.676.774
Skuldir samtals		1.840.094	1.806.675
Eigið fé og skuldir samtals		2.824.179	2.746.014

Sjóðstreymisýfirlit

fyrir tímabilið 1. október 2024 til 30. september 2025

Rekstrarhreyfingar

Hagnaður ársins			812.253	565.900
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	12	(120.296)		0
Afskriftir	13	130.964		81.576
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10	(49.444)	(18.083)	
Áhrif dótturfélaga	14	5.616	(17.970)	
Tekjuskattur	6,16	203.952		304.635
		Veltufé frá rekstri	983.045	916.059

Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	284.551	(213.595)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(125.336)	9.324
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	159.215	(204.271)

Innheimtar vaxtatekjur	64.805	43.081
Greidd vaxtagjöld	(37.646)	(29.815)
Greiddur tekjuskattur	(195.185)	(137.917)
Handbært fé frá rekstri	974.234	587.137

Fjárfesting í öðru félagi	11,14	(	500)	0
Seldar óefnislegar eignir	11		7.500	0
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	12	(	27.311)	(115.503)
Söluverð rekstrarfjármuna	12		124.478	17.000
Kröfur og skuldir við tengd félög, breyting		(	34)	(642)
Mótttekinn arður			9.995	28.939
Skuldabréfæign, breyting			41.502	20.343
			155.631	(49.863)

Greiddur arður	(535.000)	(559.100)
Keypt eigin hlutabréf	(85.365)	0
Lækkun hlutafjár	(21.719)	(67.200)
Seld eigin hlutabréf	12.000	8.000
	<u>18 (630.084)</u>	<u>(618.300)</u>

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	499.780 (81.026)
--	--------------------------

Handbært fé í upphafi árs	343.035	424.061
---------------------------------	---------	---------

Handbært fé í lok árs	842.815	343.035
------------------------------------	----------------	----------------

20

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur KPMG ehf. fyrir tímabilið 1.10.2024 - 30.9.2025, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Eignarhlutir móðurfélagsins í dótturfélagunum eru færðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra.

2. Innlausn tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað. Óreikningsfærðar áunnar tekjur eru færðar sem verk í vinnslu í efnahagsreikningi.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikninginn.

4. Óefnislegar eignir

Viðskiptavild hefur myndast við kaup á öðrum rekstri og við kaup á dótturfélagum. Mismunur á kostnaði við yfirtöku og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda myndar viðskiptavild. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Viðskiptavild er afskrifuð línulega á tíu árum.

Aðrar óefnislegar eignir eru hugbúnaður sem færður er á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum línulegum afskriftum. Hugbúnaður er afskrifaður á fjórum árum.

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við nýtingartíma rekstrarfjármunanna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	33 ár
Áhöld, tæki og innréttingar	3-12 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

6. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismuni efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð upp nema að því marki sem talið er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Skýringar, frh.:

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Um er að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

9. Laun og starfsmannatengdur kostnaður

Laun og starfsmannatengdur kostnaður greinast þannig:

	2025	2024
Laun	3.368.971	2.946.804
Lífeyrisiðgjöld	431.928	397.121
Önnur launatengd gjöld og kostnaður	348.453	545.493
Starfsmannakostnaður	102.014	76.461
Laun og starfsmannatengdur kostnaður samtals	4.251.366	3.965.879
Ársverk	206	202
Starfsmenn í árslok	219	225

Laun framkvæmdastjórnar félagsins voru 242,9 millj. kr. á rekstrarárinu (218,4 millj. kr. árið 2024).

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2025	2024
Vaxtatekjur	68.559	49.214
Arður	9.995	0
Fjármunatekjur samtals	78.554	49.214
Vaxtagjöld	(37.646)	(29.815)
Gengishagnaður (gengistap)	8.536	(1.316)
Fjármagnsgjöld samtals	(29.110)	(31.131)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	49.444	18.083

11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Viðskipta- vild	Aðrar óefnis- legar eignir	Samtals
Bókfært verð 1.10.2024	125.436	13.230	138.666
Selt á árinu	(7.500)	0	(7.500)
Niðurfært á árinu	(42.314)	(9.057)	(51.371)
Bókfært verð 30.9.2025	75.623	4.173	79.796
Afskriftahlutföll	10%	25%	

Skýringar, frh.:

12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Áhöld, tæki og		
	Fasteignir	innréttingar	Samtals
Heildarverð 1.10.2024	47.128	767.391	814.519
Afskrifað áður	(38.417)	(466.076)	(504.493)
Bókfært verð 1.10.2024	8.711	301.315	310.026
Viðbót á árinu	0	27.309	27.309
Selt og fært út á árinu	(4.181)	0	(4.181)
Afskrifað á árinu	(360)	(79.233)	(79.593)
Bókfært verð 30.9.2025	4.170	249.391	253.561
Heildarverð 30.9.2025	42.947	794.700	841.828
Afskrifað samtals 30.9.2025	(38.777)	(545.309)	(588.267)
Bókfært verð 30.9.2025	4.170	249.391	253.561
Afskriftahlutföll	3%	8-33%	

Vátryggingaverð fasteignar félagsins nam 87,5 millj. kr. í lok september 2025. Fasteignamat hennar ásamt lóð nam 31,2 millj. kr. á sama tíma.

13. Afskriftir

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

	2025	2024
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 12	79.593	60.347
Niðurfærsla óefnislegra eigna, sbr. skýringu 11	51.371	21.229
	130.964	81.576

14. Eignarhlutir í félögum

Í lok september átti móðurfélagið tvö dótturfélög og eitt hlutdeildarfélag. Hlutdeildarfélagið er þjónustufélag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Hlutdeild félagsins í rekstrarárangri dóttur- og hlutdeildarféлага og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Hlutdeild í rekstri	Bókfært verð 30.9.2025
Dótturfélög			
KPMG legal ehf., Reykjavík	100%	1.049	27.199
Circular Solutions ehf., Reykjavík	100%	(6.665)	34.466
Áhrif dótturfélaga samtals		(5.616)	61.665
Hlutdeildarfélag			
KPMG Nordic Services OU, Eistland	20%	0	3.150
		0	3.150
Aðrir eignarhlutir			
ECIT bókað ehf.	10%	0	500
Áhrif dóttur- og annarra félaga samtals		(5.616)	65.315

Ekki er gerður samstæðuársreikningur, til samræmis við 3. mgr. 68. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, þar sem áhrif dótturfélaga eru óveruleg á rekstur og efnahag félagsins.

Skýringar, frh.:

15. Skuldabréfaeign

Við sölu á hlutum í félaginu hefur félagið tekið við skuldabréfum sem greiðslu. Skuldabréfin greiðast upp á fimm árum. Þau eru óverðtryggð og miðast vaxtakjör við kjörvexti Íslandsbanka hf.

Yfirlit um skuldabréfaeign

	2025	2024
Skuldabréf	35.237	64.140
Afborganir næsta árs	(7.570)	(12.536)
Skuldabréfaeign samkvæmt efnahagsreikningi	27.668	51.604

Afborganir af skuldabréfaeign greinast þannig á næstu ár

	2025	2024
Árið 1.10.2025 - 30.9.2026 / 1.10.2024 - 30.9.2025	7.569	12.536
Árið 1.10.2026 - 30.9.2027 / 1.10.2025 - 30.9.2026	5.582	9.512
Árið 1.10.2027 - 30.9.2028 / 1.10.2026 - 30.9.2027	11.920	11.905
Árið 1.10.2028 - 30.9.2029 / 1.10.2027 - 30.9.2028	4.190	22.597
Árið 1.10.2029 - 30.9.2030 / 1.10.2028 - 30.9.2029	5.976	7.590
Skuldabréfaeign samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	35.237	64.140

16. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2025	2024
Hagnaður ársins	812.253	565.900
Tekjuskattur ársins samkvæmt rekstrarreikningi	203.952	304.635
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.016.204	870.536

	2025	2024
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% 203.241	21,0% 182.812
Áhrif skiptingar	0	13,2% 115.172
Aðrir liðir	0,1% 711	0,8% 6.651
Virkur tekjuskattur	20,1% 203.952	35,0% 304.635

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	2025	2024
Tekjuskattsskuldbinding (-eign) 1.10.	129.901 (11.529)	
Tekjuskattur ársins samkvæmt rekstrarreikningi	203.952	304.635
Tekjuskattur til greiðslu	(200.974) (195.185)	
Aðrar breytingar	0	31.980
Tekjuskattsskuldbinding 30.9.	132.879	129.901

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:

Rekstrarfjármunir	130.255	116.849
Óefnislegar eignir	15.959	25.934
Viðskiptakröfur	(4.386) (2.168)	
Skuldbinding	(10.000) (10.000)	
Aðrar breytingar	1.051 (714)	
Tekjuskattsskuldbinding 30.9.	132.879	129.901

Skýringar, frh.:

17. Viðskiptakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2025	2024
Niðurfærsla 1.10.	104.207	107.836
Tapaðar kröfur á árinu	(17.313)	(17.409)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	13.964	13.780
Niðurfærsla 30.9.	100.858	104.207

18. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 29,6 millj. kr., þar af á félagið 1,8 millj. kr. í eigin bréfum. Viðskipti með eigin hlutabréf eru í samræmi við hluthafasamkomulag milli aðila. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.10. 2024.....	26.820	70.194	6.705	20.941	814.679	939.339
Lækkun hlutafjár..... (	10.143)	(70.194)			(91.406)	(171.743)
Seld eigin hlutabréf.....	1.025				23.575	24.600
Keypt eigin hlutabréf..... (	2.800)				(82.565)	(85.365)
Útgefin jöfnunarbréf.....	12.923	0			(12.923)	0
Hækkun varasjóðs.....			251		(251)	0
Arður til hluthafa					(535.000)	(535.000)
Hagnaður ársins				(5.616)	817.869	812.253
Eigið fé 30.9. 2025.....	27.825	0	6.956	15.325	933.978	984.084

Í samræmi við ársreikningalög hefur félagið fært fjárhæð sem nemur hlutdeild í afkomu dótturfélaga, umfram móttæknar arðgreiðslur á árinu, á sérstakan bundinn reikning meðal eigin fjár. Staða bundins eiginfjárreiknings vegna hlutdeildar í afkomu getur ekki orðið neikvæð.

19. Skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2025	2024
Laun og launatengd gjöld	650.374	642.308
Virðisaukaskattur og annar ógreiddur kostnaður	484.836	509.523
Aðrar skammtímaskuldir samtals	1.135.210	1.151.831

Skýringar, frh.:

20. Sjóðstreymi

Hreyfingar án greiðsluáhrifa greinast þannig:		2025	2024
Áhrif skiptingar á viðskiptavild	11	0	33.775
Áhrif skiptingar á skammtímakröfur	7	0	17.725
Áhrif skiptingar á eigið fé	18	0 (	4.500)
Vaxtaberandi skuldir við hluthafa		150.024 (	47.000)
Lækkun hlutafjár	18	(150.024)	0
Seld eigin hlutabréf	18	12.600	32.000
Breyting skuldabréfæignar	15	(12.600) (	32.000)

21. Tengdir aðilar

Til tengdra aðila teljast stjórnarmenn, stjórnendur og félög í meirihlutaeigu þeirra. Dóttur- og hlutdeildarfélög teljast einnig tengdir aðilar. Viðskipti við tengda aðila eru á armslengdargrunni. Skuldir við tengda aðila eru sérgreindar í efnahagsreikningi.

22. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda félagsins á árinu 2025 nam 5,2 millj. kr. (2024: 4,9 millj. kr.) vegna endurskoðunar á ársreikningi.

23. Skuldbindingar

Félagið hefur gert leigusamninga um bifreiðar og um nokkrar af starfsstöðvum félagsins. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningar um skrifstofuhúsnæði eru til allt að septemberloka 2038 en leigusamningar um bifreiðar eru að jafnaði til 3ja ára í senn. Í samningunum er ekki að finna uppsagnar- eða framlengingarheimildir. Leigusamningarnir um skrifstofuhúsnæði eru verðtryggðir og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á viðeigandi vísitölum. Leigusamningar um bifreiðar eru óverðtryggðir. Félagið greiðir mánaðarlega fasta rekstrarleigugreiðslu af bifreiðaleigu auk viðbótargreiðslna í árslok ef akstur á árinu fer yfir tiltekin mörk.

Leigugreiðslur á árinu 2025 námu 301 millj. kr. og eru færðar meðal annars rekstrarkostnaðar. Næsta árs áætlaðar leigugreiðslur nema 315 millj. kr. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár. Í töflunni er ekki tekið tillit til áhrifa framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggðs húsaleigusamnings né mögulegra viðbótargreiðslna af bifreiðaleigu fari notkun umfram tiltekin mörk.

	2025	2024
Leigugreiðslur árið 2026/2025	315.347	295.408
Leigugreiðslur árið 2027/2026	302.969	271.368
Leigugreiðslur árið 2028/2027	297.814	264.477
Leigugreiðslur árið 2029/2028	297.814	258.111
Leigugreiðslur árið 2030/2029	297.814	258.111
Síðar	2.371.185	2.385.962
Rekstrarleigugreiðslur samtals	3.882.943	3.733.437

24. Hluthafalisti

Eignarhlutur

Al+ ehf.	1.000
AMPT ehf.	1.000
Árni V. Claessen	650
ÁSTh ehf.	1.000
D10S ehf.	50
Davíð Kristján Halldórsson	1.000
Dyrfjöll ehf.	1.000
EQCR ehf.	1.000
Eva M. Kristjánsdóttir	500
Fagragrund ehf.	50
Faxasund ehf.	25
Fjallakot ehf.	1.000
Friðrik Einarsson	500
Grjóthólsbraut ehf.	1.000
Hafþór Ægir Sigurjónsson	500
Haraldur Örn Reynisson	1.000
Helgi Nielsson	500
HHelgadóttir ehf.	1.000
Hulduhóll ehf.	1.000
Jómfrúin ehf.	50
KCw ehf.	500
Kristrún Helga Ingólfssdóttir	1.000
Lilja Dögg Karlsdóttir	500
Lofn ehf.	1.000
M93 ehf.	1.000
Magnús Kristjánsson	1.000
Margrét Pétursdóttir ehf.	500
Róbert Ragnarsson	500
Sigríður Helga Sveinsdóttir	500
Sigurvin Bárður Sigurjónsson	1.000
Strandarhæð ehf.	500
Sæmundur Valdimarsson	1.000
WCGW ehf.	1.000
Wisdom ehf.	1.000
Þinghóll 63 ehf.	1.000
Þorsteinn Þorsteinsson	1.000
Þrasaborg ehf.	1.000
	<u>27.825</u>